

Borgarráð

Fyrirhuguð ferð staðgengils borgarstjóra á Loftslagsráðstefnuna í Bonn (COP23) dagana 12. til 14. nóvember 2017

Fyrirhuguð er ferð staðgengils borgarstjóra, formanns borgarráðs S. Björns Blöndal, á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Bonn í Þýskalandi (COP23) dagana 12. til 14. nóvember 2017. Staðgengill tekur þátt í ráðstefnunni sem hluti af íslensku sendinefndinni en mun einnig taka þátt í leiðtogafundinum *Climate Summit of Local and Regional Leaders* sunnudaginn 12. nóvember. Þá mun hann, ásamt borgarstjórum fleiri Norrænna borga, taka þátt í pallborðsumræðum á hliðarviðburðinum *Green City Finance: Common Avenues and Concrete Approaches* mánudaginn 13. nóvember en viðburðurinn er á vegum *Climate-KIC* sem er stærsti evrópski samstarfsvettvangur einkageirans og hins opinbera um nýskapandi lausnir í loftslagsmálum. Aðrir fulltrúar Reykjavíkurborgar á ráðstefnunni í Bonn verða Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Hrönn Hrafnisdóttir sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði.

Nánar um Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP23): <https://cop23.unfccc.int/>
Nánar um Climate Summit of Local and Regional Leaders: <http://www.cities-and-regions.org/summit/>
Nánar um Green City Finance: <http://www.climate-kic.org/events>

Dagur B. Eggertsson

